# Veðurteikningar



**Guðmundur R. Lúðvíksson**

# Beggja skauta byr

## Bilingual Wind

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR – HAFNARHÚS**

REYKJAVIK ART MUSEUM – HARBOUR HOUSE

30. nóvember 2001- 20. janúar 2002







## *Inngangur*

Menn eru almennt sammála um að landið, náttúran og náttúruöflin hafi verið ríkjandi viðfangsefni íslenskrar myndlistar á tuttugustu öld. Þetta á ekki aðeins við um verk þeirra sem lögðu nýjan grunn að að myndlist hér á landi á fyrstu áratugum síðustu aldar, heldur einnig um verk þeirra sem á eftir komu. Þrátt fyrir nýja strauma, nýja hugmyndafræði og jafnvel nýja miðla sem komið hafa fram með nýjum kynslóðum listafólks er það engu að síður samdóma álit þeirra sem fylgjast með þróuninni á alþjóðavettvangi að sérstaða listsköpunar hér á landi liggi enn fyrst og síðast í vægi náttúrunnar í þeirri list sem nú ber hæst.

Þar fyrir verður ekki sagt að íslensk samtímalist sé einsleit eða tilbreytingalítil. Nálgun listamanna á viðfangsefnin er eins fjölbreytt og þeir eru margir; það er tryggt með þeirri þróun á persónulegum stíl og framsetningu sem eru aðalsmerki hvers þess listamanns sem vert er að veita nokkra athygli. Sú sköpunaraðferð sem Guðmundur R. Lúðvíksson hefur valið sér og þróað um árabil hefur þá sérstöðu, að með nokkurri einföldun má segja að hann velji fyrst og fremst staðinn og stundina; náttúruöflin taka síðan til við að skapa listaverkin með þeim hætti sem þeim hentar á hverjum tíma.

Veðurteikningar listamannsins verða til fyrir villtan kraft veðurguðanna, blíðu þeirra, kyrrð eða kviklyndi, allt eftir því hvað þeim þóknast dag hvern. Afraksturinn hverju sinni verður einstök heimild, heilarsýn tímabila sem ekki verða skráð með sannari hætti, þar sem tölur og mælingar geta aldrei gefið þá tilfinningu fyrir ákveðnum stað og tíma sem birtist í myndverkum náttúrunnar.

Á þessari sýningu birtast okkur tvær sjálfstæðar sýnir á daga nóvembermánaðar á fyrsta ári nýrrar aldar. Önnur er fengin úr miðjum Eyjafirði, en hin úr nágrenni Reykjavíkur. Átök og ástríður náttúruaflanna hafa þannig verið skráð í myndverkum, sem verða forvitnilegur vitnisburður um ákveðna og einkar áhugaverða listsköpun jafnt sem veðrið sjálft þennan mánuð – heimild og listaverk í senn.

Eiríkur Þorláksson.

## *Introduction*

It is generally agreed that the land, the landscape and the forces of nature were the dominant theme in Icelandic visual arts throughout the 20th century. This not only applies to the works of those that laid the foundation for art in this country during the first decades of the past century, but also to the works of those that followed. In spite of new movements, new concepts and even new media that have come on the scene with new generations of artists there is nonetheless general consensus among those that follow international developments that the singularity of artistic creation in Iceland is still first and foremost to be found in the importance of nature in the best of art in our time.

That does not mean that Icelandic contemporary art is monotonous or uniform. The ways that artists approach their subjects are as varied as they are many; this is ensured through the development of a personal style and presentation that is the signature of every artist worthy of attention. The creative process that Guðmundur R. Lúðvíksson has chosen and developed for many years now is unique in that with some simplification it can be maintained that he first and foremost chooses the place and the hour; the forces of nature then take over creating the art works in the way that they see fit at any given time.

The artist's weather drawings are created by the wild forces of the the elements, their softness, quiet or volatility, depending on their mood of the day. The result each time becomes a unique reference, a documentation of periods that cannot be recorded in a truer fashion, as figures and readings can never convey the aura of a particular place and time that comes forth in the artworks of nature.

In this exhibition we are presented with two independent views of the days of November in the first year of a new century. One is from the middle of the fjord Eyjafjörður, but the other from the vicinity of Reykjavík. The struggles and passions of the forces of nature have thus been registered in works of art, that become a curious account of a certain and very interesting artistic creation as well as the weather itself during this month – a reference and a work of art at the same time.

Eiríkur Þorláksson.

**Önnur verk / Works:**





Vinnupallar / Scaffolds, Rotterdam, 1995



Púsl / Puzzle, Paris, 1991



Landamæralínur / Borderline, 1993

---




## *Veðurteikningar frá 1990 - 2001:*

***Atferli manns er háð náttúrunni / veðurfarinu.***
***Allt fá landnámi hefur veður verið megin þátturinn sem ræður för***
***og gjörningi hverju sinni. Ingólfur og félagar silgdu til fyrirheitnalandsins eftir vindi.***
***„Beggja skauta byr bauðst mér aldrei fyrr,***
***bruna þú nú bátur minn“, orti skáldið Eggert Ólafsson.***

***Umræðan um veðrið hefur ekkert minnkað við tækniframfarir eða grúsk glámskyggnra pælara, hvort sem þeir eru fyrir vestan, norðan, austan eða sunnan. Samræður manna á meðal um veðrið, gott, miðlungs eða aftaka veður er óþrjótandi. D-salur Hafnarhússins er kjörinn staður til sýningar á veðurteikningum. Þó er það draumur listamannsins að geta sýnt eina sýningu þar sem eitt ár eða jafnvel síðustu 10 árin væru sýnd.***

***Verkin á veggjum salarins eru unnin á einum mánuði, dag hvern, í Hrísey fyrir norðan og í Elliðakotslandi hér fyrir sunnan. Verkin eru sextíu talsins.***
***Bestu þakkir fær Haraldur Ingi Haraldsson myndlistamaður fyrir veitta aðstoð við gerð verkanna í Hrísey.***

Veðurhæð uppgefin í vindstigum er ekki hlutlæg mæling á vindhraða heldur huglægt mat á styrk vinds miðað við áhrif hans á umhverfið.

Vindstigahugtakið grundvallast á meðaláhrifum vinds og hefur verið stuðst við 10 mínútna tímeiningu. Raunverulegur vindhraði er hins vegar mjög breytilegur á þeim tíma. Vindhviður mælast þannig alls ekki með vindstigakvarðanum. Vindur er nú yfirleitt mældur með vindmælum sem mæla augnabliksvindhraða hverju sinni, þ.e. vindhviður, sem bæði eru oft langt frá 10 mínútna meðalvindhraða og hafa alls enga skírskotun til vindstigakvarðans.

### Vindhraði í m/s

| | |
|---|---|
| <5 | Mjög hægur vindur. |
| 5-10 | Fremur hægur vindur. |
| 10-20 | Talsverður vindur. |
| 20-30 | Mjög hvasst, fólk þarf að gá að sér. |
| >30 | Stórviðri, fólk ætti ekki að vera á ferli að nauðsynjalausu, hættulegt. |



Veðurteikning 1991 í Gróttu





athher

***Weather drawings from 1990 - 2001:***

***Human behaviour is dependent upon nature / the weather.***
***From the time of the settlement the weather has been the determining factor in all travel as well as deeds. Ingólfur and his companions sailed for the Promised Land led by the winds.***
***"Favourable winds I have as never before,***
***go swiftly now my boat," wrote the poet Eggert Ólafsson.***

***The discussion about the weather has not abated in spite of technological advances and the research of keen amateur observers, be they from the west, the north, the east or the south of Iceland.***

***The conversations on the weather, good, tolerable or abominable are endless.***

***The D-Hall in the Harbour House is a perfect venue for an exhibition of weather drawings. It is still a dream of the artist's to create an exhibition where a whole year, or even the past 10 years would be exhibited.***

***The works on the exhibition walls were created during one month, each day, in Hrisey in Eyjafjörður in the north, and in Elliðakotsland in the south. The works are sixty in total.***

***Many thanks to the artist Haraldur Ingi Haraldsson for all his assistance in the creation of the works in Hrísey.***

**Wind Velocity in m/s** (meters per second)

| | |
|---|---|
| <5 | Very mild wind |
| 5-10 | Rather mild wind |
| 10-20 | Considerable wind |
| 20-30 | Very windy, people should take care |
| >30 | Gale force wind, people should not be out unnecessarily, dangerous |

**Guðmundur R Lúðvíksson**
Fæddur/Born : 18. jan. 1954

Heimilisfang/ Address:
Smalaskála v/ Suðurlandsveg
110-Reykjavík
Sími: 5678110 / 8946074



**Nám / Education:**

**1971 - 1975** Hótel- og veitingaskóli Íslands / The Icelandic Hotel and Restaurant College
**1987 - 1991** Myndlista og handíðaskóli Íslands / The Icelandic College of Art and Crafts
**1993 - 1995** Listaháskólinn í Rotterdam Hollandi / Den Beldende kunstakademie Rotterdam Holland
**1995** Listaakademian í Frankfurt Þýskalandi / Den Beldend Kunstakademie Frankfurt Germany

**Helstu sýningar / Exhibitions:**

**1985** - Norðurlandahúsinu Þórshöfn Færeyjum
**1985** - Vogi Suðurey Færeyjum
**1986** - AKOGES Vestmannaeyjum
**1987** - AKOGES Vestmannaeyjum
**1990** - Blátt sýnibox gallerí Reykjavík
**1990** - Gróttu Seltjarnarnesi
**1991** - Gallerí 11 Reykjavík
**1991** - Hafnarborg Hafnarfirði
**1991** - Djúpinu Reykjavík
**1991** - Video gallery Umeå Svíþjóð.
**1992** - Óháða listahátíðin Reykjavík "Loftárás á Seyðisfjörð"
**1992** - Kunstpavillion Alaborg Danmörk
**1992** - Hafnarborg Hafnarfirði
**1992** - Mokka kaffi Reykjavík
**1993** - Nýlistasafninu Reykjavík "13 ungir myndlistamenn"
**1994** - Gallery Shade Thames London England "Outlawed"
**1994** - Oge hostspital Rotterdam Hollandi
**1994** - Hafnarborg Hafnarfirði
**1994** - Gallerie Black 10 Rotterdam
**1995** - Nýlistasafninu Reykjavík
**1995** - Delft gallery Delft Holland
**1995** - Gallery NEFTU Rotterdam Holland
**1995** - Gallery Blaak 10 Rotterdam Hollandi
**1995** - Listhúsinu Kirkjuhvoll Akranesi
**1995** - INK BANK - Gallerie Rotterdam
**1995** - Gallery 39
**1995** - Hafnarborg Hafnarfirði
**1996** - Borgarleikhúsinu Reykjavík
**1996** - Gallerí Sýnibox
**1996** - Borgarleikhúsinu Reykjavík
**1996** - Ketilhúsinu, Akureyri
**1997** - Gallerí Barmur, Reykjavík
**1997** - Hafnarborg Hafnarfirði "Hafnfirskir listamenn"
**1997** - Nýlistasafninu Reykjavík "Perception"
**1997** - Hjóðgallerí
**1997** - Nýlistasafninu Reykjavík
**1997** - Nýlistasafninu Reykjavík "On Iceland"
**1997** - Slunkaríki Ísafirði
**1997** - Nýlistasafninu Reykjavík "Open Exhibition"
**1998** - Nýlistasafninu Reykjavík
**1999** - Gallery Maerz Austria
**2000** - 12 sýningar á einu ári / 12 exhibitions in one year.

**Önnur verk / Other works:**

LP - CD
Ljóðaumslag / Poetry envelopes
Barnaleikrit / Children's Play
Kvikmyndatónlist / Film Music Composition
Myndbands verk fyrir sjónvarp / Videowork for Television
Smásögur fyrir útvarpsflutning / Short stories for radio
Sviðsmyndir fyrir leikhús / Stage design for Theater
Veggverk á Café Bleu Reykjavík / Wall Painting for Café Bleu Reykjavík
Veggskreyting á Breiðina Akranesi / Wall Decoration for Breidin Akranesi







Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavík:
Guðrún Jónsdóttir, formaður/chair. Anna Geirsdóttir, Örnólfur Thorsson, Eyþór Arnalds,
Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Ólafsson og Pjetur Stefánsson.

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of Reykjavík Art Museum: Eiríkur Þorláksson.
Kynningarstjóri / PR: Soffía Karlsdóttir
Ljósmyndun / Photography: Guðmundur R. Lúðvíksson.
Þýðing / Translation: Eiríkur Þorláksson
Umsjón með gerð sýningarskrár / Catalogue production: Ágústa Kristófersdóttir
Umbrot og prentun / Layout and printing: Grafík h.f.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM

*Aðalsamstarfsaðili* **Íslandssími**